



## Hreppsnefnd 19.06.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 19. júní 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00. Á fundinn voru mættir Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur Ármannsson, Eyjólfur Sigurðsson, Vigfús Davíðsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Björn Halldórsson og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 5. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. júní sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Mennta- og menningarsetur Vopnafirði. – Samstarf við Þekkingarnet Austurlands. – Gerð grein fyrir fundi fulltrúa Vopnafjarðarhrepps og Þekkingarnetsins frá 13. júní sl.

Lagt fram minnisblað frá fundi fulltrúa Vopnafjarðarhrepps og Þekkingarnets Austurlands frá 13. júní sl., varðandi stofnun útstöðvar Þekkinganets Austurlands á Vopnafirði.

Nokkrar umræður urðu um málið, þar sem hreppsnefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd tekur undir þá niðurstöðu fundarins frá 13. júní sl. að auglýst verði eftir starfskrafti til verkefnisins með það í huga að slíkur starfskraftur geti hafið störf í byrjun ágúst nk. og fagnar því að verkefnið sé komið svona vel á veg.

3. mál Samstarfssamningur um tilraunavinnslu á loðnu frá 16. júní sl.

Gerð verður grein fyrir ferð til Póllands og Danmerkur vegna verkefnisins.

Lagður fram samstarfssamningur um tilraunavinnslu á loðnu o.fl. milli Vopnafjarðarhrepps, Slyngs ehf., JÞ ehf. og Triton ehf.

Jafnframt lögð fram greinargerð vegna ferðar til Póllands og Danmerkur, sem farin var til þess að kynna sér vinnsluaðferðir og tækjabúnað sem nauðsynlegur er til framleiðslunnar. Ólafur

Ármannsson gerði grein fyrir ferðinni og hvað helst bar fyrir augu í þeim verksmiðjum sem skoðaðar voru í Póllandi og Danmörku.

Jafnframt var gerð grein fyrir fyrirbyggjandi samningi um tilraunavinnslu milli Vopnafjarðarhrepps, Slyngs ehf., JÞ ehf og Triton ehf. Hreppsnefnd fagnar því að samstarfssamningur er kominn á.

4. mál Tillögur Norðausturnefndarinnar.

Lögð fram Skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi eystra og Austurlandi, sem kynnt var 10. júní sl.

Miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi skýrslu. Ljóst var á viðbrögðum fundarmanna að vonbrigði manna voru mikil með fyrirbyggjandi skýrslu og ekki síður vinnubrögð nefndarinnar gagnvart þeim sveitarfélögum sem umræðir.

Lögð var fram svofelld ályktun:

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir miklum vonbrigðum með þær tillögur sem kynntar voru 10. júní sl. í fjölmiðlum um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag í fámennum byggðarlögum á Austurlandi, sem eiga undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti.

Norð-Austurnefndin sem vann tillögurnar hélt fund með fulltrúum sveitarfélaganna á Egilsstöðum 6. febrúar sl., stuttu eftir að hún var skipuð, þar sem hún kynnti sig og gerði grein fyrir sýn nefndarmanna á starfið sem framundan væri. Á fundinum kom skýrt fram að kraftur og frumkvæði auk hugmynda heimamanna væru nauðsynleg forsenda, ef takast ætti að efla atvinnu og samfélag á hverjum stað fyrir sig með stuðningsaðgerðum frá ríkisvaldinu.

Tillögur sveitarfélaganna 5 á Austurlandi sem umræðir þ.e. Vopnafjarðar, Borgafjarðar eystri, Seyðisfjarðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps voru lagðar inn til nefndarinnar 20. febrúar sl. og þá óskaði Vopnafjarðarhreppur strax eftir fundi með nefndinni til þess að fylgja tillögum sínum eftir.

Tilfinning Vopnfirðinga er á þá lund að lítið sé gert úr krafti og frumkvæði heimamanna sem lagt var upp með í upphafi leiks. Heldur séu í þessu sambandi teknar einhliða ákvarðanir í tillögugerð í þessum eignum án nokkurs samráðs við heimamenn á hverjum stað. Nefndin gætti þess í hvívetna að tala aldrei við heimamenn og eru það engar ýkjur að frá fundinum 6. febrúar sl. og til dagsins í dag hefur nefndin aldrei rætt við nokkurn hugmyndasmið að þeim tillögum sem til grundvallar lágu. Vinnubrögð af þessum toga geta aldrei leitt af sér góða afurð, enda nánast að engu hafðar tillögur heimamanna í þessum eignum.

Eins og fyrr segir voru tillögur nefndarinnar kynntar á þriðjudaginn 10. júní sl. í fréttium helstu fjölmiðla landsins án þess að nefnd Forsætisráðuneytisins hefði kynnt fulltrúum sveitarfélaganna innihald þeirra. Slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og eru raunar móðgun við þá fjölmörgu aðila sem komu að því að vinna margar góðar tillögur um bætt samfélög og mannlíf á þessum stöðum sem hafa farið á mis við þá miklu uppsveiflu sem verið hefur víða í þjóðfélaginu til skamms tíma. Að kynna niðurstöður nefndarinnar ekki fyrir meintum samverkamönnum veldur sjálfkrafa verulegri óánægu og ýtir undir leiðindi og vantrú á þau góðu markmið sem hugmyndin var að ná fram með samvinnu sveitarfélaganna og nefndar Forsætisráðuneytisins.

Sveitarstjórnarmenn á Vopnafirði frábiðja sér vinnubrögð af þessum toga og er þeim hér með harðlega mótmælt.“

Fyrirliggjandi ályktun samþykkt samhljóða.

5. mál Norðausturnefndin. Kynningarfundur 25. júní nk. á Egilsstöðum.

Gerð var grein fyrir fyrirhuguðum fundi með Norðausturnefndinni þar sem hún kynni tillögur sínar fyrir sveitarstjórnarmönnum.

Samþykkt að fulltrúar úr atvinnumálanefnd og hreppsnefnd mæti á fundinn sem haldinn verður miðvikudaginn 25. júní nk.

6. mál Hótel Tangi-Auglýsing eftir nýjum rekstraraðila.

Gerð grein fyrir stöðu mála.

Málinu að öðru leyti vísað til stjórnar Arnarvatns ehf.

7. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Fundargerð stjórnar Brunavarna á Austurlandi frá 29. maí sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Verkfundargerð vegna hafnarframkvæmda frá 2. júní sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

c) Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 13. júní sl.

Lögð fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið.